

Umsókn um endurnýjun starfsleyfis Sagaplasts ehf. miðað við nýja starfsstöð að Rangárvöllum á Akureyri

Hér er sett fram umsókn Sagaplasts ehf., kt. 611293-2169, um endurnýjun starfsleyfis fyrir 30. Júní nk. Og miðað við nýjan starfsstað að Rangárvöllum á Akureyri. Fylgt er kröfum um upplýsingar sem settar eru fram í reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

a. Lýsing á atvinnurekstri

Sagaplast starfrækir starfsstöð fyrir móttöku á spilliefnum og raftækjum og frágang þeirra í réttan farveg. Einnig annast fyrirtækið söfnun spilliefna og raftækja og ýmissa endurvinnsluafna, flokkun þeirra, og eftir atvikum böggun og sölu til endurvinnsluafila. Þá annast fyrirtækið móttöku og frágang drykkjarvöruumbúða af Norðurlandi og Austurlandi til framhaldsvinnslu á Norðurlandi í umboði Endurvinnslunnar hf. Því samstarfi mun að óbreyttu ljúka 30. júní 2012 skv. samningi á milli aðila. Móttækið magn spilliefna og annarra eftirlitsskyldra úrgangsflokka á árinu 2011 var 275 tonn, móttækið magn endurvinnsluafna 2.389 tonn, hjólbarða 10 tonn, raftækjaúrgangs 195 tonn og um 12 milljón einingar af drykkjarvöruumbúðum voru móttæknar. Starfsstöð fyrirtækisins hefur verið að Réttarhvammi 3 og þar verður hún fram til allt að 30. júní 2012 en flýst þá yfir á starfsstöð Gámaþjónustu Norðurlands að Rangárvöllum við Hlíðarfjallsveg. Uppdrátt af staðsetningu starfseminnar þar má sjá í meðfylgjandi deiliskipulagsgreinargerð frá desember 2011 og fylgiskjölum hennar.

b. Afrit af staðfestu deiliskipulagi

Deiliskipulagsgreinargerð (fylgiskjal 1) var skilað í desember 2011 til skipulagsstjóra Akureyrarbæjar sem tillögu að breytingu á deiliskipulagi Rangárvalla, reit 1.42.10 I. Skipulagsstjóri hefur tilkynnt með bréfi til Gámaþjónustu Norðurlands (fskj. 2), dags. 26. janúar, að skipulagsnefnd leggi til við bæjarstjórn að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Bæjarstjórn hefur samþykkt erindið (sjá tölvupóst þar um í fskj. 2). Umhverfisstofnun verður upplýst um staðfestingu deiliskipulags jafnskjött og það liggur fyrir.

c. Lýsing á staðháttum á vinnslustað

Móttaka, flokkun og frágangur spilliefna og raftækja mun fara fram í og við suðurenda flokkunarhúss (sjá á meðfylgjandi teikningu, fylgiskjal 3). Flokkunaraðstaða fyrir spilliefni verður aðskilin frá annarri starfsemi í flokkunarhúsi með eldraustum vegg og lofti. Ráðgert er að meðhöndlun spilliefna verði í lágmarki og lúti fyrst og fremst að því að búa þau til flutnings og frekari flokkunar hjá Efnamóttökunni í Gufunesi. Þegar það hentar betur verða spilliefni fullflokkuð fyrir flutning til brennslu í Sorpeyðingarstöð Þingeyinga á Húsavík. Geymsla spilliefna mun verða utanhúss í sérútbúnum spilliefnagámum með tvöföldu gólfi og lekabyttum (sjá sambærilega gáma á myndum í fskj. 4 og nánar á: http://micodan.dk/Olie_og_kemicontainere.asp). Gámarnir verða læstir utan opnunartíma og eru til þess fallnir að draga bæði úr brunahættu og frárennslismengun vegna spilliefna. Affall frá þessum gámum og úr flokkunaraðstöðu innanhúss mun fara í brunn sem er að jafnaði lokaður. Rými er fyrir 2.000 lítra af vökva í brunninum. Unnt verður að veita rigningrvatni úr brunninum í fráveitukerfi um sand- og oliugildru með því að opna fyrir þar til ætlaðan krana. Þess um er lokað fyrir affallið. Spilliefnaaðstaða utanhúss verður vöktuð allan sólarhringinn með myndavélum. Meðfylgjandi umsókninni eru lagnateikningar (fylgiskjal 5) eins og þær standa í deiliskipulagssumsókn vegna Rangárvalla. Inn á þær á eftir að teikna umræddan brunn og er unnið að því á Verkfræðistofnu Norðurlands.

Dregið hefur verið úr móttöku og flokkun raftækja á starfsstöð Sagaplasts þar sem þau koma nú að miklu leyti flokkuð frá Gámafellinu, söfnunarstöð á Akureyri. Þannig fara bæði gámar með skjám og með stórum raftækjum (þvottavélum, uppþvottavélum, eldavélum o.s.frv.) beint til móttökustöðvar Furu þar sem þau eru vigtuð og skráð.

Gert er ráð fyrir að lóðarmörk að Rangárvöllum í vestri meðfram Síðubraut og vesturhluti lóðarmarkna að sunnan meðfram Hlíðarfjallsvegi verði afmörkuð með jarðvegsmön, lóðin verði girt af og meðfram girðingu verði plantað trjágróðri sem muni hindra innsýn þegar fram líða stundir.

d. Upptalning á aðföngum

Við starfsemina hafa aðallega verið notuð eftirfarandi aðföng sbr. tölur úr grænu bókhaldi frá árinum 2009 og 2010:

Tegund aðfanga	Mælieining	2009	2010
Rafmagn	kWh	93.684	101.196
Heitt vatn	m ³	1968	2.148
Vír (til böggunar)	Kg	13.685	6.000
Plast (vegna rafgeyma)	Metrar	120	125
Dísilolía	Ltr.	4.068	2.658
Bensín	Ltr.	333	771

Gera má ráð fyrir svipaðri notkun aðfanga á komandi árum.

e. Lýsing á hugsanlegri losun efna í umhverfið

Hætta á losun óæskilegra efna út í umhverfið felst fyrst og fremst í mögulegum óhöppum þannig að spilliefni leki úr ílátum sem þau eru geymd í og berist í jarðveg, vatn eða loft. Helst geta það þá verið olía, olíumáling, leysiefni og rafgeymar sem gæta þarf að.

f. Lýsing á mengunarvörnum

Við alla meðferð spilliefna er lögð er áhersla á að tryggja að þau berist ekki í fráveitu og að þau séu geymd og meðhöndluð þannig að loftmengun sé í lágmarki. Þess er gætt að ílát sem hafa að geyma spilliefni séu að jafnaði lokuð. Rafgeymar eru geymdir undir þaki og/eða í körum sem varin eru með byggingarplasti. Þeir eru geymdir í sérstökum spilliefnagámum sbr. lið c. þar til þeir eru fluttir til endurvinnslu. Sama á við um önnur spilliefni. Beri óhapp að höndum þannig að fljótandi spilliefni sleppi úr þeim ílátum sem þau eru geymd í renna þau í olíugildru eða öryggisþró sem safnar upp vökva. Í spilliefnaaðstöðu í flokkunarhúsi er tryggt að efni sem leka kunna úr ílátum renni í sömu olíugildru. Ekki er gert ráð fyrir olíuskiljum fyrir vatn á svæðum þar sem tekið er við öðrum úrgangi en spilliefnum.

Efni sem kunna að berast á gólf eða útiplan eru hreinsuð upp með sérstöku uppsogsefni. Spilliefni og raftæki eru jafnan flutt af starfsstað jafnóðum og safnast hefur nægt magn í einn bílfarm (15-20 tonn). Tæki sem notuð eru við starfsemina eru tiltölulega hljóðlát og hljóðmengun því óveruleg. Þess er gætt að starfsmenn séu vel upplýstir um áhættumat og mengunarvarnir og hljóti starfsþjálfun við hæfi.

Meðfylgjandi eru áhættumat vegna bráðamengunar hafs og stranda gert í febrúar 2012 (fskj. 6) og viðbragðsáætlun (fskj. 7) þar sem nánari grein er gerð fyrir því er lýtur að mengunarvörnum. Einnig váttryggingarskirteini fyrir frjálsri ábyrgðartryggingu vegna bráðamengunar (fskj. 8).

g. Áætlaðar aðgerðir til að fylgjast með losun

Fylgst er með magni og gerð spilliefna, hvaðan þau koma og hvert þeim er ráðstafað. Meðfylgjandi (fskj 9) eru skýrslur sem skilað var til Umhverfisstofnunar yfir um mótttekið magn úrgangs á árunum 2009-2010 og hvernig því var ráðstafað.

h. Innra eftirlit með losun

Reglulega fara fram birgðatalningar til að fylgjast með og stemma af mótttekið magn, ráðstafað magn og lager. Haldið er utan um meðhöndlað magn innan fyrirtækisins, s.s. pressun á olíusíum og drenun á olíuströngum. Ef mengunaróhöpp verða skulu þau skráð sérstaklega skv. starfsreglum fyrirtækisins.

i. Takmörkun á myndun úrgangs og aukin endurnýting úrgangs

Auk söfnunar og meðhöndlunar spilliefna lýtur starfsemi Sagaplasts að stórum hluta að því að auka flokkun úrgangs og draga úr því magni sem fer til urðunar. Með aukinni söfnun efna til endurvinnslu dregur úr magni hefðbundins úrgangs og endurnýting úrgangs eykst og að þessu hefur Sagaplast unnið hörðum höndum á undanförunum árum og mun áfram gera.

j. Tegund og magn úrgangs, þ.m.t. spilliefna
Móttekið magn úrgangs á árunum 2009-2011 var eftirfarandi:

Flokkur	Árið 2009	Árið 2010	Árið 2011
Endurvinnsluefni	2.496 tonn	2.521 tonn	2.389 tonn
Spilliefni	327 tonn	267 tonn	239 tonn
Önnur eftirlitsskyld efni	40 tonn	52 tonn	36 tonn
Hjólbarðar	56 tonn	53 tonn	10 tonn
Raftæki	8 tonn	126 tonn	195 tonn
Alls	2.927 tonn	3.018 tonn	2.869 tonn

Óskað er að heimilt verði að taka á móti 600 tonnum af spilliefnum og öðrum eftirlitsskyldum efnum og allt að 4.000 tonnum af endurvinnsluefnum á ári. Jafnframt allt að 100 tonnum af hjólbörðum og 300 tonnum af raftækjaúrgangi. Óskað er eftir að magn brennanlegs úrgangs á athafnasvæðinu verði allt að 200 tonn á ári. Þar af verði að hámarki 75 tonn á hverjum tíma geymd undir berum himni en annað efni í lokuðum gámum. Meðal eftirlitsskyldra efna sem félagið hefur tekið á móti eru sprengifim efni, s.s. flugeldar, haglaskot og neyðarblys frá skipum. Magnið er óverulegt eða um 50-100 kg. á ári. Landhelgisgæslan hefur séð um að fjarlægja efnin og eyða þeim. Gert er ráð fyrir og óskað eftir heimild til að taka á móti allt að 500 kg á ári.


k. Aðrar ráðstafanir til að uppfylla skilyrði reglugerðar

Umsókn þessari fylgir neyðaráætlun vegna óvæntrar rekstrarstöðvunar (fskj. 10) og váttryggingarskirteini fyrir rekstrarstöðvunartryggingu (fskj. 11).

Önnur atriði.

Þess er óskað að losunarmörk fyrir einstök sýni blýs verði 0,5 mg/l með þeim rökum sem fylgja í hjálögðu bréfi Efnamóttökunnar dags. 14. nóvember 2007 til Umhverfisstofnunar (fskj. 12). Auk þeirra röksemda sem þar koma fram verður að benda á að sennilega fer hvergi meira blý um starfsstöðvar landsins en á starfsstöðvum þjónustuaðila spilliefna. Þá má færa fók fyrir því að niðurstaða úr sýnatöku geti sveiflast til á milli einstakra sýna m.t.t. þess hvenær þau eru tekin og við hvaða aðstæður. Því er þess einnig óskað að horft verði til meðaltals síðustu 3-5 ára þegar niðurstöður úr sýnatökum eru metnar og m.t.t. þess verði heimilað að niðurstaða í einstökum sýnatökum geti farið upp í 0,5 mg/l.

10. febrúar 2012,



Jón H. Steingrímsson,
framkvæmdastjóri Sagaplasts ehf.

